

**Fundargerð stjórnar BÍS 17/2016, miðvikudaginn 28. september 2016 kl. 17:30  
í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.**

## **Mættir:**

Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs, Bragi Björnsson skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi, Heiður Dögg Sigmarsdóttir formaður upplýsingaráðs, Ólafur Proppé formaður fræðsluráðs, Sonja Kjartansdóttir formaður fjármálaráðs og Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri.

**Fjarverandi:** Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs og Una Guðlaug Sveinsdóttir formaður dagskrárráðs.

## **Dagskrá:**

### **1) Setning**

Bragi Björnsson skátahöfðingi bauð fundarmenn velkomna. BB óskaði Heiði til hamingju með nýjasta fjölskyldumeðliminn.

### **2) Fundargerð síðasta fundar samþykkt.**

### **3) Yfirlit stjórnarmanna:**

- a. Berglind. Er að kynna rödd ungra skáta sem verður 21. október í Hveragerði. Fór til Akureyrar á skátapepp og þar voru 27 þátttakendur.
- b. Fríður. Ný skátafélag, undirbúa dagskrárefni. Undirbúningur fyrir Bland í poka. Ræddi við bæjarstjóra í Blönduósi, hann tók okkur vel, útvegaði húsnæði og styrkir þrjá á námskeið á vegum BÍS. Fundaði með félagaráði.
- c. Sonja. Skátamót ehf. er búið að borga upp skuld sína við Styrktarsjóð skáta og verið að aflétta tryggingarbréfi vegna skuldbindinga mótsins við BÍS.
- d. Ólafur. Það er 21 skráður á 1. skref í byrjun október. Fjölgun fullorðinna fræðsla er að þokast áfram. Búið að þýða WOSM bækling tengt þessari fræðslu. Ákveðið var að fresta 5. skrefi fram í janúar.
- e. Bragi. Undirbúa BP fellowship, samningsgerð vegna Úlfjótsvatnsjarðarinnar.
- f. Heiður. Hélt upplýsingaráðsfund. Vangaveltur um að halda verkefnið „Ungir talsmenn“ úti á landi og er það í vinnslu. Er verið að vinna í útgáfu 2 tbl. af Skátablaðinu sem á að koma út í nóvember.

### **4) Meginviðfangsefni 1:**

#### **a. Úlfjótsvatn:**

- i. **Staðan.** HS fór yfir fjárhagsstöðu Úlfjótsvatns. Staðurinn stendur ekki undir sér nema með aðkomu t.d. stærri móta eins Landsmóts skáta eða finna öflugri tekjulind. Umræður voru um aðkomu stjórnar að stærri ákvörðunum sem teknar eru í Úlfjótsvatnsráði. BB og HS falið að taka saman lista og kynna á næsta fundi. Stefnt er að því að bjóða formanni og fulltrúum Úlfjótsvatnsráðs á fund stjórnar því tengdu.
- ii. **Deiliskipulag Úlfjótsvatns.** HS kynnti.
- iii. **Samningur um Úlfjótsvatnsjörðina.** BB reifar málið og fór yfir söguna frá því að jörðin var keypt. Friðrik Zophusson er fulltrúi BÍS í stjórn Úlfjótsvatns sf. sem heldur utan um jörðina. Í upphafi var gert bráðabirgðasamkomulag um jörðina þegar Skógræktarfélag

Íslands og skátarnir keyptu jörðina árið 2011 þar sem yfirvofandi málaferli voru í farvegi. Eftir að málaferlum lauk var BB skipaður í samninganefnd fyrir hönd skáta og gerði hann ásamt Sveini Guðmundssyni drög að nýju samkomulagi. BB fór yfir þessi drög.

- iv. **Skipan fulltrúa í Úlfjótsvatns sf.** Stjórn BÍS samþykkir að skipa Finnboga Finnbogason sem fulltrúa BÍS í stjórn Úlfjótsvatns sf. til næstu þriggja ára.

## 5) Meginviðfangsefni 2:

### 6) Mál til kynningar

- a. **Bland í poka.** FFS fór yfir stöðu mála. Lágmarkspátttaka er í kringum 50 þátttakendur. Nóri er að stríða okkur varðandi að fá yfirlit yfir þátttakendur. Skráning er þar af leiðandi á seinni skipunum. (*HS kannar hvernig WSM skipuleggur sinn viðburð þessa helgi*). Óskað var eftir því að setja í þriðjudagspóst um að skráning hafi ekki gengið eðlilega fyrir sig og því mikilvægt að þeir sem hafi áhuga skrái sig hjá Júlíusi. Ath með skráningar í gamla skráningarkerfinu og uppfæra nýja listann.
- b. **Trúnaðarmál.** Bókað í trúnaðarbók.
- c. **Nýr forseti Íslands verndari skátahreyfingarinnar.** Forseti Ísland hefur tekið að sér að vera verndari skátahreyfingarinnar á meðan hann er í embætti. Stjórn BÍS þakkar honum fyrir og óskar honum góðs gengis í starfi.

### 7) Mál til afgreiðslu og bókunar:

- a. **Erindi frá Birni Jóni Bragasyni – saga skátahreyfingarinnar.** Hann óskar eftir að fá að stofna ritnefnd og sækja um í sjóði til skrifa sögu skátahreyfingarinnar í Reykjavík. Stjórn fagnar framtakinu og felur BB að svara erindinu. Varðandi styrkbeiðnir þá ber BJB að halda Hermanni upplýstum.
- b. **Skipan fulltrúa BÍS í SAMÚT.** Júlíus Aðalsteinsson fór á aðalfund SAMÚT og er fulltrúi BÍS fram að næsta aðalfundi.
- c. **Skipan fulltrúa BÍS í Hraunbúasjóðinn.** Stjórn BÍS samþykkir að skipa Þorstein Frímann Sigurðsson í sem fulltrúa BÍS í sjóðinn til næstu þriggja ára.
- d. **BP field visit.** BB greinir frá stöðu mála og kynnir verkefnið. Stjórn óskar honum góðs gengis næstu daga.
- e. **Fundarboð í Þriðjudagspósti.** Markmiðið er að vera gegnsæ og upplýst í félagsstarfi. Stjórn BÍS samþykkir þessar tillögu.

### 8) Önnur mál

- a. **Fyrirspurn IST hóp WSM2017.** Fyrirspurn vegna úthringilista og tengiliðaupplýsinga yfir eldri skáta. HS reifar málið. Stjórn BÍS samþykkir að láta gögnin frá sér til fyrirfram skilgreindra aðila. Þeir kvitta undir trúnaðarlýsingu um að þeir megi ekki láta gögnin til þriðja aðila. Reglur varðandi fjöldapóst gilda áfram. Stjórn BÍS tekur fram að um sé að ræða undanþágu á þessu skilgreinda verkefni og stjórn BÍS hafi ekki sjálf aðgang að þessum gögnum.

Fundi slitið kl. 20:15

Fundargerð ritaði HS.